

Alþingi
Erindi nr. P 141/540
komudagur 15.11.2012

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík 14. nóvember 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun (flokkun virkjunarkosta og gerð orkunýtingaráætlunar), 3. mál.

Samtök ferðaþjónustunnar hafa farið yfir drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun og gera eftirfarandi athugasemdir:

Almennt um frumvarpið

Samtökin benda á það sem komið hefur fram í öðrum umsögnum SAF um málefni verndar- og orkunýtingaráætlunar að víða geti ferðaþjónusta og orkuvinnsla farið vel saman. Þó verði að gæta að því að yfir 80 prósent erlendra ferðamanna sækja Ísland heim vegna óspilltrar náttúru. Því er mjög mikilvægt að halda landslagsheildum öröskudum og viðhalda þannig þeim samkeppnisgrundvelli sem íslenska náttúran er, ásamt möguleikum á áframhaldandi þróun Íslands sem ferðamannalands.

Um 1.gr.

Samtök ferðaþjónustunnar gera alvarlegar athugasemdir við að felldur verði burt 3. máls. 3. mgr. 3. gr. laganna þar sem segir „Verndar- og orkunýtingaráætlun tekur ekki til landsvæða sem njóta friðlýsingar í samræmi við 50. gr. laga um náttúruvernd nema tiltekið sé í friðlýsingarskilmálum að virkjunarframkvæmdir séu heimilar á viðkomandi svæði.“ Sú staðhæfing sem felst í greininni nú er mjög mikilvæg, þar er búið að ákveða ákveðna nýtingu og að ekki verði um að ræða framkvæmdir sem breyta landslagi eða náttúru með stórfelldum hætti á þessum svæðum. Með friðlýsingu samkvæmt 50. gr. laga um náttúruvernd er búið að taka ákvörðun sem ekki er rétt að breyta í öðrum lögum. Einnig skal bent á að friðlýsing samkvæmt 50 gr. laga um náttúruvernd nær aðeins til hluta þeirra svæða sem njóta verndar.

Um 2. og 3. gr.

Óásættanlegt er að svo miklar heimildir verði gefnar til rannsókna á svæðum sem eru í biðflokki eða ekki hafa verið flokkuð, að þar geti farið fram jarðraks sem breyta mun svæðunum varanlega og er því eindregið hafnað að gerð verði breyting á 5 gr. núverandi laga. Ljóst er að einkum á jarðvarmasvæðum verður alltaf um mikið jarðrask að ræða ef rannsóknarheimildir verða veittar. Má hér t.d. nefna Þeystareykjasvæðið og hve miklum breytingum það tók eftir að rannsóknir hófust þar og má segja að með þeim hafi svæðið þegar orðið að nýtingarsvæði vegna orkuvinnslu og ekki verði aftur snúið.

Um 4. gr.

Tillaga sú að tillaga verkefnastjórnar verði lögð óbreytt fram á Alþingi er áhugaverð. Mikilvægt er að þetta hafi ekki í för með sér neina skerðingu á aðkomu almennings að möguleikum til umsagna.

Um 6. gr.

Þessi grein er áhugaverð tilraun til að komast áfram með þetta mikilvæga mál. Ef málið fer í þennan farveg er mikilvægt að verkefnastjórnin fái jafnframt aðgang og tækifæri til að vinna úr öllum þeim umsögnum sem sendar hafa verið inn í tengslum við þingsályktunartillöguna.

Áður hefur komið fram að það er skoðun SAF að horfa verði á náttúruauðlindina á mun víðari grunni en gert hefur verið hingað til og stefna þannig að því að ná saman skipulagi sem horfi til langtíamarkmiða við nýtingu og verndun íslenskrar náttúru.

Virðingarfyllt



Gunnar Valur Sveinsson
Samtök ferðaþjónustunnar